

23. stjórnarfundur Alnæmisbarna, 5. júlí 2005

Haldinn þriðjudaginn 5. júlí 2005 í skrifstofuhúsnæði Alþingis í Austurstræti.

Mætt: Benedikt Steingrímsson, Guðlaugur Þór Pálsson, Helga Tulinius, Hildur Gestsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Bjarni Reyr Kristjánsson sem ritaði fundargerð.

Bréf til Barnaheilla

Bréfið fór til Barnaheilla með þeim breytingum sem stjórnarmeðlimir lögðu til. Kristín hjá Barnaheilum hefur staðfest að bréfið hefur borist þeim.

Heimsókn á ÞSSÍ

ÞSv, BS og BRK hittu Sighvat Björgvinsson framkvæmdastjóra ÞSSÍ. Niðurstaðan var að stjórn Alnæmisbarna sækir um áframhaldandi styrk í allt að 2 ár. Sighvatur benti á að CLF væri dálítið utanveltu hvað varðar val inn á heimilið og eftirfylgni með þeim stelpum sem lokið hafa dvöl sinni hjá CLF. Þórunn lagði til uppkast að umsókn um áframhaldandi styrk frá ÞSSÍ. Stjórnin las uppkastið yfir.

Alnæmislyf

Fréttir herma að stelpurnar eru komnar á ókeypis alnæmislyf. Þetta munum við vonandi fá staðfest fljótlega. Hildur ætlar að hafa samband við CLF og fá fréttir af starfinu.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.

Bjarni Reyr Kristjánsson ritaði fundargerð